

AUGLÝSING

um fylgiskjal (bestukaupalista) með reglugerð nr. 300, 1. október
1991 um greiðslu almennatrygginga á lyfjakostnaði.

1. gr.

Heiti	Form	Heiti	Form
Acinil	Töflur	Isordil Tembíd	Forðahylki
Airol	Krem	Íbúfen (LR)	Töflur
Aldomet	Töflur	Kaleorid	Töflur
Amilín (Delta)	Töflur	Karbamazepín	Töflur
Apurin	Töflur	Korzem (Delta)	Töflur
Artane	Töflur	Korzem-R (Delta)	Forðatöflur
Asýran (Delta)	Töflur	Kódimal (Delta)	Töflur
Atamir	Hylki	Lanoxín	Míxtúra
Atenolol	Töflur	Lanoxín	Töflur
Atenólól (Delta)	Töflur	Lanoxín-PG	Töflur
Baklofen	Töflur	Lobac	Töflur
Beconase	Nefúðalyf	Mesasal	EP-Stílar
Beconase Aqua	Nefúðalyf	Mesasal	SH-Töflur
Becotide	Innúðalyf	Metýldópa (Delta)	Töflur
Betasel (Delta)	Töflur	Mildison	Krem
Betnovat	Áburður	Míansín (LR)	Töflur
Betnovat	Krem	Monistat	SK-Krem
Betnovat	Smyrslí	Múkal (Delta)	Töflur
Bromergon	Töflur	Naproxén (Delta)	Töflur
Cardizem Retard	Forðatöflur	Naproxén	Töflur
Cartól (Delta)	Töflur	Naproxén (LR)	Töflur
Címetidín (Delta)	Töflur	Naproxén (LR)	EP-Stílar
Clomid	Töflur	Narox (Delta)	EP-Stílar
Combizym	Töflur	Nebacetín	Smyrslí
Confortid	EP-Stílar	Neurotil Slow	Forðatöflur
Cuprimine	Hylki	Nífedipín	Hylki
Daren (Delta)	Töflur	Nitradisc	Forðapl.
Decreten	Töflur	Nuelín Redtard	Forðatöflur
Depsín (Delta)	Töflur	Optimol	Augndropar
Dienoestrol	SK-Stílar	Parzan (Delta)	Töflur
Diflonid	Töflur	Pergotime	Töflur
Dílangín (Delta)	Töflur	Própranólól (Delta)	Töflur
Dolyl (LR)	Töflur	Rrentec	Töflur
Donobid	Töflur	Salbutamol	Innúðalyf
Dopamet	Töflur	Seloken	Töflur
Elyzol	Töflur	Slow-K	Töflur
Elyzol	SK-Stílar	Sorbitrate	Töflur
Entrydil	Töflur	Sorbitrate SA	Forðatöflur
Furix	Töflur	Sparkal	Töflur
Gastran (Delta)	Töflur	Sparkal Mite	Töflur
Halóperídól (LR)	Töflur	Spasmerín (Delta)	Töflur
Hýdrókortísón (Delta)	Krem	Spirix	Töflur
Hýdrókortísón AKV. (Delta)	Krem	Theo-Dur	Forðatöflur
Ibuprofen	Töflur	Transiderm-Nitro	Forðapl.
Inderal	Töflur	Trimonil Retard	Forðatöflur
Interal LA	Forðahylki	Truxal	Töflur
Indocid	EP-Stílar	Verapamil	Töflur
Indometacin	Hylki	Voltaren	EP-Stílar
Indomethacin	Hylki	Voltaren	SH-Töflur
Indómetasín (Delta)	EP-Stílar	Vóstar (Delta)	SH-Töflur
Isordil	Tungur. Töfl.	Vóstar (Delta)	EP-Stílar
Isordil	Töflur		

2. gr.

Auglýsing þessi er gefin út skv. 3. tl. 1. mgr. 6. gr. reglugerðar nr. 300 7. júní 1991 um greiðslu almannatrygginga á lyfjakostnaði, sbr. lög nr. 67/1971, um almannatryggingar, með síðari breytingum og öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur niður fylgiskjal, skv. augl. nr. 324/1991.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 1. október 1991.

Sighvatur Björgvinsson.

Einar Magnússon.

23. september 1991

Nr. 470

REGLUGERÐ**um endurgreiðslu virðisaukaskatts til sendimanna erlendra ríkja.**

1. gr.

Við kaup á vörum eða þjónustu innanlands ber erlendum sendiráðum og sendierindrekum að greiða virðisaukaskatt og aðra óbeina skatta eftir þeim reglum sem almennt gilda á Íslandi um þau viðskipti.

Erlend sendiráð og sendierindrekar (diplomatic agents) fá endurgreiddan virðisaukaskatt af vörum, þó ekki matvælum, enda sé því lýst yfir að viðkomandi vara sé eingöngu ætluð til notkunar fyrir erlent sendiráð eða til persónulegra nota sendierindreka og þeirra venslamanna hans er teljast til heimilisfólks.

2. gr.

Umsókn um endurgreiðslu skal beina til utanríkisráðuneytisins og fylgi umsókn frumrit af þeim reikningum sem endurgreiðslubeiðni er byggð á. Reikningar skulu vera í samræmi við ákvæði 20. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með áorðnum breytingum. Eftir að utanríkisráðuneytið hefur gengið úr skugga um að í hlut eigi aðilar er undir reglurnar falla sendir það ríkisendurskoðun endurgreiðslubeiðni ásamt þeim reikningum er umsókn fylgja. Að lokinni endurskoðun sendir ríkisendurskoðun reikninga til viðkomandi sendiráðs með áritun um endurgreiðslu en sendir endurgreiðslubeiðni til ríkisfóhvirðis til afgreiðslu.

Ekki verður um endurgreiðslu að ræða nema heildarfjárhæð hvers einstaks reiknings nemi a.m.k. 10.000 kr., með virðisaukaskatti, og einungis ef viðkomandi reikningur ber það greinilega með sér að virðisaukaskattur hafi verið greiddur.

3. gr.

Um innflutning gilda ákvæði 3. gr. tollalaga nr. 55/1987, með síðari breytingum.

4. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 47. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum, til að öðlast gildi hinn 1. október 1991. Jafnframt er úr gildi felld reglugerð nr. 532/1989, um sama efni.

Fjármálaráðuneytið, 23. september 1991.

Friðrik Sophusson.

Guðrún Ásta Sigurðardóttir.